	Hafnarfjarðarbær
Innk:	7/7 2021
Málsnr:	1809298
Bréfal:	520

## Viljayfirlýsing

um framtíðarhúsnæði fyrir Tækniskólann

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Hafnarfjarðarbær og Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, (hér eftir nefndur Tækniskólinn) gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu um samstarf um framtíðarhúsnæði fyrir Tækniskólann á lóð Hafnarfjarðarbæjar.

Aðilar þessa samkomulags eru sammála um og lýsa yfir vilja til að vinna áfram að verkefninu miðað við eftirfarandi forsendur:

- Aðilar skipa fulltrúa í verkefnastjórn verkefnisins.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti rýna tillögur Tækniskólans um fyrirkomulag eignarhalds og fjármögnun verkefnisins í samræmi við gildandi lög.
- Meginforsendur þarfagreiningar fyrir starfsemi skólans verða yfirfarnar og rýndar nánar í samráði við bygginganefnd Tækniskólans, m.a. vegna áherslna í námi, stærðar húsnæðis og fjölda nemenda, þannig að þær samræmist sem best markmiðum og áherslum stjórnvalda.
- Hafnarfjarðarbær staðfestir vilja bæjaryfirvalda til að leggja fram stofnfjárframlag frá Hafnarfjarðarbæ í formi lóðar án kvaða og gjalda, ásamt beinu fjárframlagi samkvæmt nánara samkomulagi þar um.
- Tækniskólinn vinnur að endanlegri þarfagreiningu og greiningu á umfangi framkvæmda í samráði við aðila þessarar yfirlýsingar. Niðurstaða skal liggja fyrir í lok nóvember 2021.

Aðilar eru sammála um að endanleg ákvörðun um verkefnið og fjármögnun þess sé háð því að samkomulag náist um fjölmörg atriði í uppbyggingu verkefnisins og fyrirkomulag á fjármögnun.

Viljayfirlýsing þessi er gerð í fjórum eintökum, eitt fyrir hvern aðila.

Til staðfestu á framangreindu rita aðilar undir yfirlýsingu þessa.


Hafnarfirði, 7. júlí 2021



Lilja D. Alfreðsdóttir,  
mennta- og menningarmálaráðherra



Egill Jónsson,  
formaður stjórnar Tækniskólans



Rósa Guðbjartsdóttir,  
bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar



Bjarni Benediktsson,  
fjármála- og efnahagsráðherra